



FÉLAG
FRAMHALDSSKÓLA-
KENNARA

SKÝRSLA STJÓRNAR
FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA 2016



Efnisyfirlit

Formáli	2
Skipulag og störf stjórnar	2
Starfsmannahald	2
SALEK (Samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga)	3
Lífeyrismál	3
Framlag til mannauðsmála	3
Skoðanakannanir	4
Heimsóknir til félagsdeilda	5
Erlent samstarf	5
Kjara- og réttindamál	6
Samkomulag frá 31. október 2016	6
Félagsdómur	6
Karlagata 15	7
Útgáfu- og kynningarmál	7
Skólamálanefnd FF	7
Helstu verkefni Skólamálanefndar FF í samstarfi við Skólamálaráð KÍ	8
Önnur verkefni Skólamálanefndar	8
Starf félagsdeilda	9
Fjárframlög til félagsdeilda og almennar verklagsreglur	9
Upplýsingar um starfsemi félagsdeilda	10
Trúnaðarmenn	10
Helstu verkefni	10
Einstaklingar í trúnaðarstöðum fyrir FF	10

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir starfsemi Félags framhaldsskólakennara (FF) á árinu 2016-2017 en lok skýrslunnar eru miðuð við 31. mars 2017. Meginverkefni þessa tímabils var vinna tengd kjarasamningum, einstaklingsmálum og flutningi Vísindasjóðs FF og FS í húsnæði KÍ á Laufásvegi.

Skipulag og störf stjórnar

Helga Helena Sturlaugsdóttir (Tækniskólinn) tók ársleyfi frá stjórn FF sökum anna og hennar sæti tók Guðjón H. Hauksson (MA). Á fulltrúafundi 2016 voru tveir nýir varamenn kosnir, Rannveig Klara Matthíasdóttir (Flensborgarskólinn) og Óli Njáll Ingólfsson (Verslunarskóli Íslands). Varamenn sitja alla fundi stjórnar.

Stjórn FF fundaði 11 sinnum á árinu 2016 og hefur fundað 3 sinnum það sem af er árinu 2017. Málafni Vísindasjóðs FF og FS voru nokkuð fyrirferðarmikil en á árinu 2016 varð ljóst að frekari málarekstur sjóðsstjórnar myndi engu skila. Stjórn FF ákvað að leggja framhald málsins í dóm aðalfundar og kallaði saman aðalfundarfulltrúa á aukaaðalfund þann 8. apríl 2016. Aðalfundur samþykkti að sjóðurinn skyldi fluttur að nýju inn í KÍ hús og þjónustaður af FF. Stefna skyldi að sátt og fjárhagslegu uppgjöri sjóðsins og skyldi aðgerðaráætlun um flutninginn liggja fyrir á fulltrúafundi í september 2016. Formaður og stjórn Vísindasjóðs FF og FS virtu ekki ákvörðun aðalfundar og þegar það lá fyrir, kallaði stjórn FF aðalfundarfulltrúa saman að nýju til aukaaðalfundar þann 7. nóvember og boðaði jafnframt til kosninga í stjórn Vísindasjóðs FF og FS. Fyrrverandi formaður og varamaður gáfu ekki kost á sér og voru kosnir nýir fulltrúar, þeir Ólafur Þórisson (MS) formaður og Jón Ragnar Ragnarsson (MH). Varamaður var kosinn Gísli Sigurbórsson (MS) sem hafði verið aðalmaður áður. Nánar er vikið að Vísindasjóði í skýrslu formannsins, Ólafs Þórissonar, og greinagerð frá formanni FF í aðdraganda aukaaðalfundar 7. nóvember 2016 (sjá í fundargögnum).

Starfsmannahald

Elna Katrín Jónsdóttir lauk störfum fyrir félagið 1. febrúar 2016. Það voru mikil tímamót því Elna Katrín hefur verið samofin starfi Félags framhaldsskólakennara frá því löngu fyrir stofnun KÍ. Í Elnu Katrínu býr gríðarleg þekking á kjarasamningi framhaldsskólakennara og sögu samninga langt aftur og góðu heilli mun hún verða félaginu innan handar þegar á þarf að halda og ómetanlegt að geta áfram leitað til hennar ef eitthvað er.

Í Stað Elnu Katrínar var ráðin Steinunn Inga Óttarsdóttir, sem hafði kennt íslensku og verið áfangastjóri um árabíl í MK. Steinunn sinnir að hluta þjónustu við Vísindasjóð FF og FS og að hluta kjara- og réttindamálum félagsmanna.

Anna María Gunnarsdóttir er áfram í 50% starfi sem sérfræðingur í skólamállum og formaður FF, Guðríður Arnardóttir, er sem fyrr í fullu starfi.

SALEK (Samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga)

Aðilar vinnumarkaðarins utan KÍ og BHM skrifuðu undir samkomulag um launaþróun á árinu 2016. Í því felst að rammi er settur utan um launahækkanir almennings á almennum og opinberum markaði til ársins 2019. KÍ og BHM töldu ekki grundvöll fyrir þátttöku í slíku samstarfi enda ekki sátt um launasetningu háskólafélks í opinberum störfum. Nánar er fjallað um SALEK-samkomulagið í ársskýrslu KÍ sem má finna [hér](#) og á heimasíðu KÍ.

Lífeyrismál

Lögum um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna var breytt rétt fyrir lok árs. Nánar er fjallað um það í ársskýrslu KÍ.

Framlag til mannauðsmála

Í bókun 1 í kjarasamningi Félags Framhaldsskólakennara og Samninganefndar Ríkisins frá 4. apríl 2014 segir:

Aðilar eru sammála um að 0,1% iðgjald til mennta- og fræðslusjóða sem um getur í samkomulagi aðila um breytingar á kjarasamningum vegna ríkisrekinnna framhaldsskóla 15. febrúar 2013 verði nýtt til að stuðla að aukinni þekkingu um mannauðsmál og til að styrkja stöðu þeirra sem starfa í umboði Kennarasambands Íslands í framhaldsskólum.

Aðilar eru sammála um að iðgjaldið verði reiknað af heildarlaunum félagsmanna Kennarasambands Íslands í ríkisreknum framhaldsskólum og það lagt á sérstakan biðreikning frá og með 1. mars 2014. Framlagið skal millifært, samkvæmt samkomulagi aðila, til Kennarasambands Íslands frá og með 1. ágúst 2014.

Árið 2015 ákvað stjórn FF að verja hluta þessa fjár til að styrkja mannauðstengda starfsemi félagsdeilda og styrkja liðsheild kennara á hverjum stað. Árið 2016 voru eftirtalin verkefni styrkt.

Kennarafélag	Dagsetning	Lýsing	Upphæð
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	31.8.2016	Fyrirlestur um samskipti á vinnustað	95.000
Menntaskólinn á Ísafirði	13.9.2016	Fyrirlestur um jákvæða sálfræði og ferðakostnaður	103.375
Framhaldsskólinn á Húsavík	7.1.2016	Námskeið um góða vinnufélaga í góðum starfshóp og ferðakostnaður	162.000
Framhaldsskólinn á Laugum	27.1.2016	Námskeið um góða vinnufélaga í góðum starfshóp og ferðakostnaður	148.759
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	23.2.2016	Námskeið um slökun og hugleiðslu	140.000
Menntaskólinn að Laugarvatni	31.3.2016	Hugleiðslunámskeið fyrir kennara	110.000
Fjölbrautaskólinn í Ármúla	31.3.2016	Framlag vegna mannauðstengdra verkefna	51.150
Fjölbrautaskóli Suðurlands	28.4.2016	Framlag vegna námskeiðs og ferðakostnaðar	223.863
Verkmenntaskóli Austurlands	2.6.2016	Námskeið um starfsánægju	200.000
Fjölmennt	19.10.2016	Fyrirlestur um hreyfingu og streitu	179.200
Menntaskólinn við Hamrahlíð	14.11.2016	Fyrirlestur um jákvætt og uppbyggilegt andrúmsloft á vinnustað	187.851
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	1.12.2016	Fyrirlestur um viðbrögð við kynbundnu ofbeldi og áreitni	45.000

Menntaskólinn í Reykjavík	8.12.2016	Fyrirlestur um aðferðir til að efla og auðga mannauð sem býr í starfsfólki MR	140.327
Fjölbrotaskólinn í Garðabæ	21.17.2017	Ostahúsið, námskeið fyrir félagsdeild í FG	200.000
Flensborgarskólinn		Námskeið haldið í maí nk.	200.000
			<u>2.186.525</u>

Stjórn FF stóð fyrir námskeiði í stjórnsýslufræðum á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða við Háskóla Íslands. Um var að ræða tveggja daga námskeið fyrir samninganefnd og trúnaðarmenn félagsins. Námskeiðið var vel sótt og almenn ánægja með það.

Formaður og ritari stjórnar FF sóttu ítarlegt námskeið í samningatækni við Harvard-háskóla vorið 2016. Um var að ræða viku námskeið en Harvard hefur getið sér gott orð fyrir bestu námskeið af þessu tagi í heiminum.

Formaður FF komst svo inn á framhaldsnámskeið við sama skóla, einungis ætlað fámennum hópi fólks með viðamikla reynslu í samningagerð, haustið 2016 og fór utan í nóvember á 4ra daga framhaldsnámskeið.

Á stjórnarfundi FF þann 30. janúar sl. voru samþykktar breytingar fyrir árið 2017 á úthlutun framlags ríkisins til að styrkja stöðu þeirra sem starfa í umboði KÍ í framhaldsskólum. Samþykkt var að styrkja fyrirhuguð námskeið á vegum kjara- og mannauðssýslu ríkisins fyrir félagsmenn opinberra stéttarfélaganna sem sitja í samstarfsnefndum. Öllum fulltrúum FF í samstarfsnefndum var boðið að sækja umrætt námskeið sem fjallaði um grundvallaratriði og megintilgang stofnanasamninga.

Eftir námskeiðin þarf að endurskoða alla stofnanasamninga sem félagsmenn eiga aðild að. Endurskoðun kostar bæði tíma og fyrirhöfn og var samþykkt þóknun til þeirra sem sitja í samstarfsnefnd, kr. 100.000, sem er greidd þegar undirritaðir stofnanasamningar liggja fyrir og hafa borist félaginu. Ákveði félagsdeild að fleiri en tveir félagsmenn taki þátt í þessari vinnu skipta þeir hlutfallslega með sér 200.000 kr. Má gera ráð fyrir að þessar greiðslur verði 6,2 milljónir á árinu miðað við 31 félagsdeild.

Eins er ráðgert að halda aftur í haust námskeið fyrir trúnaðarfólk félagsins og áfram er gert ráð fyrir að á grundvelli bókunarinnar muni félagið kosta námskeið í samningatækni, stjórnsýslu og mannauðsfræðum fyrir samninganefnd félagsins og mun kostnaður miðast við framboð og þátttöku líkt og fyrri misseri. Stjórn FF ákvað því að gera hlé á framlögum til félagsdeilda í bili en vonandi verður svigrúm í haust til að taka þau upp aftur.

Skoðanakannanir

Viðamikil skoðanakönnun var gerð meðal félagsmanna um afstöðu til ýmissa þátta vinnumatsins. Rannsóknasetur Háskólans á Akureyri sá um framkvæmd og úrvinnslu. Helstu niðurstöður hennar voru hafðar til hliðsjónar við kjarasamningsvinnuna þegar gengið var frá samkomulagi um friðarskyldu til eins árs og 1,65% framlag til að sníða vankanta af vinnumatinu.

Stjórn FF var falið á aðalfundi 2016 að gera skoðanakönnun meðal félagsmanna um viðhorf til fagmennsku og stjórnunarháttanna skólameistara. Tilgangurinn var að skólameistari fengi að sjá stöðu sína miðað við aðra og velja átti skólameistara ársins. Alls höfðu rúmlega 600 manns svarað könnuninni þegar Skólameistarafélag Íslands krafðist þess að henni yrði lokað á grundvelli persónuverndarsjónarmiða. Verið er að umorða og laga spurningarnar og verður könnunin send í loftið á vordögum.

Heimsóknir til félagsdeilda

Formaður FF, og fulltrúar úr samninganefnd FF í einhverjum tilfellum, hafa sinnt erindrekstri til félagsdeilda á árinu. Formenn félagsdeilda hafa verið hvattir til þess að skipuleggja fundi með kennurum og fá formann eða fulltrúa úr forystu í heimsókn til að segja frá starfsemi félagsins og ekki síður að hlusta á það sem félagsmenn hafa fram að færa. Þessir fundir hafa mælst vel fyrir og hefur formaður heimsótt nær alla framhaldsskóla landsins á árinu og suma tvisvar.

Áfram er stefnt að slíkum heimsóknum enda öflugasta leiðin til að virkja félagsmenn og tryggja það að allir hafi tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum varðandi félagsstarfið á framfæri. Fyrri fundarröð formanns fjallaði um kjarasamninga og réttindamál almennt en seinni fundarröð ársins 2016 og fram eftir vori 2017 fjallaði aðallega um lífeyrismál og breytingar á lögum um lífeyrissjóði opinberra stafsmanna.

Erlent samstarf

Erlent samstarf Félags framhaldsskólakennara hefur að mestu einskorðast við þátttöku í framhaldsskóladeild NLS (Norrænu kennarasamtökin). Ísland fór með forystuhlutverk samtakanna árið 2016 og gegndi formaður Kí, Þórður Árni Hjaltested, formennsku í þeim. Meginþemað var Skóli framtíðarinnar og kennarar.

Almennt eru haldnir einn til tveir fundir á ári sem færast á milli landanna. Ár hvert er valið sérstakt viðfangsefni í samræmi við það sem ber hæst í skólamálaumræðu á Norðurlöndum. Árið 2016 voru haldnir tveir fundir, sá fyrri var haldinn í Reykjavík í júní og sá seinni í Færeyjum í september. Þá sóttu fyrir hönd FF, Guðríður Arnardóttir, Anna María Gunnarsdóttir og Hanna Björg Vilhjálmisdóttir.

Árið 2017 var haldinn einn fundur í Stokkhólmi, 22.-24. mars. Þema ársins í ár er „Nýir íbúar Norðurlandanna og upplýsingatækni“. Fundinn sóttu Anna María Gunnarsdóttir og Steinunn Inga Óttarsdóttir. Svíar sögðu m.a. frá því að þeir hafa tekið á móti þúsundum flóttamanna, munu taka við um 70.000 á árinu 2017, og skólakerfið hefur verið undirbúið fyrir það sérstaklega með ýmsum úrræðum. Varðandi upplýsingatækni er áhersla næstu ára lögð á hollar netvenjur, siðfræði netsins og skapandi forritun. Má margt læra af frændum okkar á Norðurlöndum.

Sumarnámskeið NLS var haldið í Loen í Noregi um mánaðamótin júní/júlí. Yfirskriftin var „Breytingar á kennarastarfinu“ og mættu 116 fulltrúar frá Norðurlöndunum á námskeiðið.

Fulltrúar FF voru tveir á fundinum, Guðný Lára Petersen (Tækniskólinn) og Hólmfríður Sigbórsdóttir (Flensborgarskólinn).

Af öðru erlendu samstarfi má nefna að EI (Education International) hélt tvær ráðstefnur um einkavæðingu í menntakerfinu vorið 2016, Guðjón H. Hauksson (MA) sótti aðra fyrir hönd félagsins í Róm og Helga Helena Sturlaugsdóttir (Tækniskólanum) sat hina í Osló. Eitt af meginverkefnum EI þessi misserin er að tryggja jöfnuð allra til menntunar á öllum skólastigum. Einkavæðing í skólakerfum víða um heim hefur haft skelfilegar afleiðingar sem verður að berjast gegn á alheimsvísu. EI hefur verið mikilvægt þrýstiafl við samningu heimsmarkmiða OECD ríkjanna um sjálfbæra þróun (Agenda 2030) og tókst þrátt fyrir ákafa mótstöðu að knýja fram ákvæði um að almenn menntun skuli vera gjaldfrjáls. Annað sérstaklega mikilvægt atriði í þessari stefnuskrá er að tryggja skuli kennarasamtökum aðkomu að stefnumótun menntamála í hverju landi. Okkar verkefni er svo að beita okkur af alefli heima fyrir í krafti þessa.

Kjara- og réttindamál

Samkomulag frá 31. október 2016

Kjarasamningur FF rann út 31. október 2016. Í grein 14. í kjarasamningi frá 4. apríl 2014 var fjallað um launaþróun samanburðarhópa. Í kjölfar gerðardóms 2015 voru laun framhaldsskólakennara leiðrétt til samræmis við dóminn. BHM voru lagðar til launahækkanir upp á 5,5% fyrir árið 2016, jafnframt kvað gerðardómur upp að 1,65% skyldi renna til stofnana vegna útfærslu á menntunarákvæðum í stofnanasamningum. Gerðardómur batt kjarasamninga BHM félaga út ágúst 2017.

Vegna mismunandi samningslengdar félaganna var niðurstaða samninganefndar að gera samkomulag um friðarskyldu út október 2017. Þannig var tryggt að allar launabreytingar BHM fyrir árið 2016 skiluðu sér samhliða til félagsmanna FF. Samhliða var samkomulag um að lagfæra vinnumatið sem nemur 1,65% kostnaðarauka í stað þess að láta þá fjármuni renna í endurskoðun stofnanasamninga. Þannig var hægt að lagfæra nokkra af helstu vanköntum vinnumatsins. Aðilar voru sammála um að fyrir 1. maí 2017 lægju fyrir frekari útfærslur og breytingar á vinnumati og eftir atvikum breytingar á umbúnaði um skóladagatöl sem aðilar næðu samkomulagi um. Í framhaldinu var gert sambærilegt samkomulag við Menntaskóla Borgarfjarðar, Verslunarskóla Íslands og Tækniskólann.

Félagsdómur

Félagið stefndi fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins fyrir félagsdómi á árinu 2016. Það var skoðun samninganefndar félagsins að stytting náms til stúdentsprófs hefði átt að leiða til nýs vinnumats allra áfanga sem tengdust styttingunni og tilheyrandi námskrárbreytingum. Um það er fjallað í síðustu málsgrein 7. greinar kjarasamnings frá 2014 og var greininni einmitt ætlað að verja framhaldsskólakennara gegn auknu vinnuálagi í kjölfar þjöppunar náms og styttingar námstíma til stúdentsprófs.

Félagsdómur var kveðinn upp 23. september og féllst dómurinn á sjónarmið KÍ. Þannig liggur fyrir úrskurður um að í hverjum og einum framhaldsskóla skuli fara fram endurmat á grundvelli styttingarinnar og það vinnuálag sem fylgir mögulegri þjöppun námsefnis í tengslum við styttinguna beri að meta. Dóminn má finna í fundargögnum á heimasíðu FF.

Lögmaður KÍ, Gísli Hall, hefur sent öllum skólameisturum framhaldsskólanna áskorun um að hefja vinnu nú þegar við endurmat áfanga á grundvelli dómsins. Enn sem komið er hefur dómnum verið mætt af fálæti af hálfu menntamálaráðuneytisins en upplýst var á fundi formanns og menntamálaráðherra 18. apríl sl. að viðbragða væri að vænta innan tíðar.

Mat á áhrifum styttingarinnar hefur þegar farið fram í tilfelli Kvennaskólans og Menntaskóla Borgarfjarðar. Þessir skólar hafa boðið upp á þriggja ára stúdentspróf í nokkur ár á grundvelli sérstaks samkomulags. Í framhaldi af miðlægum kjarasamningi 2014 þar sem m.a. var samið um afnám skila milli prófa- og kennslutíma og í framhaldi af innleiðingu nýs vinnumats var gert sérstakt samkomulag um útfærslu vinnumats í þessum skólum sumarið 2015 en vegna tilskipunar frá menntamálaráðuneytinu var það samkomulag ekki efnt, sagt upp í tilfelli Kvennaskólans og rift einhliða í tilfelli Menntaskóla Borgarfjarðar.

Nú hefur félagið leitað að nýju til Félagsdóms og krafist þess að samkomulag KÍ við Kvennaskólann annarsvegar og Menntaskóla Borgarfjarðar hinsvegar standi, á grundvelli kjarasamningsins frá 2014.

Karlagata 15

Karlagata 15 er áfram í leigu en frá 1. júní 2016 var hún leigð út ótímabundið með 6 mánaða uppsagarfresti, taki aðalfundur 2018 ákvörðun um að selja hana.

Útgáfu- og kynningarmál

Rauða eplið, fréttabréf FF, kemur nú út reglulega á hálfmánaðar fresti. Félagið heldur einnig úti síðum á samfélagsmiðlum, bæði Facebook og Twitter, og sóttu starfsmenn félagsins námskeið um notkun samfélagsmiðla sl. haust. Kynningarefni fyrir nýja kennara var uppfært og sent á alla kennara. Formaður hefur verið ötull að skrifa í fjölmiðla um lífeyris- og kjaramál, veita viðtöl á ljósvakamiðlum (samtals 19 sinnum skv. Fjölmiðlavaktinni) og taka virkan þátt í margvíslegum verkefnum á samstarfsvettvangi við KÍ.

Skólamálanefnd FF

Skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara er skipuð fimm fulltrúum samkvæmt lögum FF. Formaður er kosinn á aðalfundi félagsins. Fagfélögin tilnefna fulltrúa í skólamálanefnd sem eru kosnir á sameiginlegum fundi formanna allra fagfélaganna á grundvelli skriflegra tilnefninga. Formaður skólamálanefndar stýrir þeirri kosningu.

Í skólamálanefnd félagsins sitja Anna María Gunnarsdóttir, formaður, kosin á aðalfundi FF vorið 2014, Hólmfríður Sigþórsdóttir, Flensborgarskólinn (Samlíf), Magnús Hlynur Haraldsson, BHS (frá Félagi raungreinakennara), Kristen Mary Swenson, FÁ (frá Félagi enskukennara),

Guðjón Ragnar Jónasson, MR (frá Samtökum móðurmálskennara) og Gunnar Már Antonsson, Tækniskólanum (frá Félagi kennara í rafiðngreinum). Hlutverk skólamálanefndar er samkvæmt 20. gr. laga FF:

- Fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn félagsins og skólamálaráð KÍ
- Vinna að eflingu kennaramenntunar og símenntunar félagsmanna
- Annast tengsl við faggreinafélög og skólamálanefndir aðildarfélaga KÍ og skólamálaráð KÍ.

Helstu verkefni Skólamálanefndar FF í samstarfi við Skólamálaráð KÍ

Formaður skólamálanefndar situr í framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ og tekur þátt í vinnu þess. Árið 2016-2017 hefur Skólamálanefnd FF unnið að fjölbreyttum verkefnum í samstarfi við Skólamálaráð KÍ. Í skýrslu skólamálaráðs fyrir árið 2016-2017 sem finna má [hér](#) er fjallað rækilega um þau.

Helstu verkefni voru:

- Umræðuhefti um menntamál í tengslum við hvítbók menntamálaráðherra
- Þátttaka og vinna í **Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara** og svo arftaka þess **Samstarfsráði um starfsþróun kennara og skólastjórnenda**
- Vinna við skipulag og þátttöku í Skólamálaþingi KÍ 4. október sl.
- Reglulegir fundir Skólamálaráðs KÍ
- Vinna við úttekt á menntun án aðgreiningar á Íslandi í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum
- Vinna að málefnum Menntun barna og ungmenna í hópi flóttamanna
- Þátttaka í starfshóp um eflingu List- og verkgreinakennslu
- Fundur með faggreinafélögum kennara
- Undirbúningur og þátttaka vegna formennsku KÍ á fundi Norrænu kennarasamtakana (NLS)
- Þátttaka í ráðstefnu um norræna kennaramenntun í alþjóðlegu samhengi

Önnur verkefni Skólamálanefndar

Að venju tók nefndin þátt í starfi SEF (samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara) og Þróunarsjóðs námsgagna þar sem formaður skólamálanefndarinnar er fulltrúi.

Þá tók skólamálanefnd þátt í vinnu stjórnar FF. Helstu málefni stjórnar sem nefndin tók fyrir voru að fylgjast með vinnu og nefndarstarfi vegna vinnu við vinnumat í kjölfar kjarasamninga 2014.

Þar að auki er formaður skólamálanefndar fulltrúi FF í fagráði um símenntun og starfsþróun, í stjórn Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara, í stjórn Þróunarsjóðs námsgagna og fulltrúi í ráðgjafahóp um íslenska hæfnirammann um menntun sem kallaður er ISQF og í fagráði Menntamálastofnunar um upplýsingagjöf og þjónustu.

Árið 2016 fundaði skólamálanefnd FF sjö sinnum, auk funda með skólamálaráði KÍ, stjórn FF og Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara. Það sem af er þessu ári hefur skólamálanefnd FF fundað þrisvar.

Starf félagsdeilda

Starfsemi félagsdeilda FF var með hefðbundnu sniði á árinu. Anna María Gunnarsdóttir sérfræðingur FF í skóla- og félagsmálum sér um mál sem snerta félagsdeildirnar almennt og svarar spurningum formanna og sendir erindi frá félaginu þar sem óskað er eftir ýmsum upplýsingum og aðstoð.

Fjárframlög til félagsdeilda og almennar verklagsreglur

Samkvæmt fjárhagsáætlun FF fyrir tímabilið 2014-2018 eru fimm milljónir kr. ætlaðar árlega til starfsemi félagsdeilda og setur stjórn FF reglur um skiptingu þessarar upphæðar milli þeirra. Deildirnar hafa skilað upplýsingum um starfsemina á haustin, ársreikningum og stöðu á bankareikningum og hafa þær deildir ekki fengið fjárframlög ef þær hafa þá átt innistæður á reikningum sínum sem samsvöruðu fjárframlagi fyrra árs til þeirra. Fjárframlög til deilda hafa skipst í eftirfarandi þætti:

1. Til félagsstarfs deilda. Helmingur skiptist jafnt milli deilda og helmingur í samræmi við fjölda félagsmanna FF í hverri deild.
2. Umbun til trúnaðarmanna hefur verið greidd í tvennu lagi, helmingur fyrir haustönn og helmingur fyrir vorönn. Ákveðinn hluti er tiltekin lágmarksþóknun vegna grunnstarfa trúnaðarmanna og skiptist jafnt milli þeirra. Hinum hlutanum er skipt milli deilda eftir fjölda félagsmanna FF í hverri deild.
3. Umbun til fulltrúa FF í samstarfsnefndum skóla er greidd eftir á miðað við hámarksfjölda funda og í samræmi við fjölda félagsmanna FF í deildinni, fundasetur eru greiddar í tvennu lagi, fyrir haustönn og vorönn. Formenn þurfa að senda skilagreinar um fundi í samstarfsnefndum fyrir hvora önn. Greiddar eru kr. 2000 fyrir hvern setinn fund aðalfulltrúa FF í samstarfsnefnd.
4. Umbun til formanna félagsdeilda. Fjárframlaginu hefur verið skipt í samræmi við fjölda félagsmanna FF í hverri deild.

Verklagsreglur voru settar um notkun á þeim hluta fjárframlaga sem fer til félagsstarfs deilda sem byggjast á reglum KÍ um fjárframlög til svæðafélaga/félagsdeilda aðildarfélaga:

1. Kostnaður vegna stjórnar- og félagsfunda félagsdeildar.
2. Kostnaður vegna fræðslu eða fyrirlestra á félagsfundum deildar.
3. Önnur verkefni sem stjórn félagsdeildar ákveður og eru í þágu félagsstarfseminnar.

Þetta felur í sér að fjárframlögum til félagsstarfs ber ekki að verja til starfsemi sem hægt er að sækja um í Vísindasjóð FF og FS og ekki til innra starfs og starfsþróunar í skólanum.

Upplýsingar um starfsemi félagsdeilda

Innan Félags framhaldsskólakennara (FF) er 31 félagsdeild starfandi veturinn 2016-2017. Þær breytingar hafa orðið frá fyrra ári að félagsdeild Iðnskólans í Hafnarfirði sameinaðist deild Tækniskólans. Þá bættist við einn trúnaðarmaður í Menntamálastofnun þar sem félagar í FF þar eru orðnir fleiri en 10. Við Menntaskólann á Tröllaskaga er einnig starfandi trúnaðarmaður en ekki félagsdeild.

Upplýsingar um félagsdeildir eru byggðar á eyðublaði FF sem sent var með netpósti á formenn félagsdeilda í byrjun september 2016 og allar deildir skiluðu inn svörum á tímabilinu september til desember 2016.

Trúnaðarmenn

Í öllum skólum eru trúnaðarmenn starfandi, ýmist einn eða tveir eftir stærð skóla. Þannig er einn trúnaðarmaður í 17 stofnunum og tveir í 15 skólum. Í öllum skólum sem svöruðu var merkt við að öryggistrúnaðarmaður væri í skólanum en það er skylda þar sem eru tíu starfsmenn eða fleiri, skv. lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (nr. 46/1980). Þrjár skólar svöruðu ekki hvort þar væri öryggistrúnaðarmaður.

Helstu verkefni

Hlutverk félagsdeilda er að vera málsvari félagsmanna FF á vinnustaðnum, vinna að kjara-, réttinda- og faglegum málefnum þeirra í samstarfi við FF og KÍ og kjósa fulltrúa á fulltrúafund og aðalfund FF og á þing KÍ. Helstu verkefni sem félagsdeildirnar hafa glímt við í vetur eru upplýsingagjöf vegna kjarasamninga og vinnumats, samstarf við samstarfsnefndir og vinna tengd stofnanasamningum, almenn félagsstörf (þ.m. kosning fulltrúa) og hagnunagæsla og fræðslufyrirlestrar sem félagið hefur styrkt sérstaklega.

Á upplýsingasöfnunarblaði haustið 2016 voru formenn félagsdeilda sérstaklega spurðir út í áhrif styttingar námstíma til stúdentsprófs í framhaldsskólum. Flestir voru sammála að breytingar væru enn óverulegar en þó væri farið að bera á meiri samkeppni milli kennara um valáfanga og merkjanlegur samdráttur væri í kennslumagni.

Einstaklingar í trúnaðarstöðum fyrir FF

Stjórn Félags framhaldsskólakennara

- Guðríður Arnardóttir formaður
- Hanna Björg Vilhjálmsdóttir varaforkona
- Reynir Þór Eggertsson ritari
- Guðný Lára Pétursdóttir meðstjórnandi
- Guðjón H. Hauksson meðstjórnandi
- Óli Njáll Ingólfsson, varamaður
- Rannveig Klara Mattíasdóttir, varamaður

Kjörnir fulltrúar í samninganefnd

- Brynjólfur Eyjólfsson
- Guðbjörn Björgólfsson
- Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir
- Sólveig Ebba Ólafsdóttir
- Ingvar Arnarsson

Stjórn og kjörnir fulltrúar í samninganefnd mynda sameiginlega samninganefnd FF.

Skólamálanefnd FF

Anna María Gunnarsdóttir formaður
 Hólmfríður Sigþórsdóttir
 Magnús Hlynur Haraldsson
 Kristen Mary Swenson
 Guðjón Ragnar Jónasson

Fulltrúi FF í Sjúkrasjóði	Guðmunda Anna Birgisdóttir, Flensburg
Fulltrúi FF í Fræðslunefnd	Steinunn Inga Óttarsdóttir, sérfræðingur FF
Framboðsnefnd KÍ	Sólveig Friðriksdóttir, Verzlunarskóla Íslands
Stjórn Orlofssjóðs	Jón Ólafsson, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti
Stjórn Vinnudeilusjóðs	Guðbjörn Björgólfsson, FB jafnframt formaður
Vinnuumhverfisnefnd	Ásdís Ingólfssdóttir, Kvennaskólanum
Siðaráð	Ása Lind Finnbogadóttir, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ

Stjórn Vísindasjóðs

- Jón Ragnar Ragnarsson, Menntaskólanum í Hamrahlíð
- Ólafur Þórisson, Menntaskólanum við Sund, formaður

Kjörstjórn

- | | |
|--------------------------------|--------------------------------|
| • Lóa Steinunn Kristjánsdóttir | Menntaskólanum við Sund |
| • Kristján Kristjánsson | Tækniskólanum |
| • Halldís Ármannsdóttir | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti |

Uppstillingarnefnd

- | | |
|------------------------------------|----------------------------|
| • Anna Sigríður Davíðsdóttir | Menntaskólanum á Akureyri |
| • Guðjón Ragnar Jónasson | Menntaskólanum í Reykjavík |
| • Halldóra Sigríður Sigurðardóttir | Menntaskólanum í Hamrahlíð |

Skoðunarmenn reikninga

- Ásdís Ingólfssdóttir Kvennaskólanum í Reykjavík
- Garðar Þór Garðarsson Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Starfsfólk Félags framhaldsskólakennara

- Guðríður Arnardóttir, formaður 100%
- Anna María Gunnarsdóttir, 50%
- Steinunn Inga Óttarsdóttir frá 1.8.2016 100%

Reykjavík 25. apríl 2017

Guðríður Arnardóttir